

**rísa** *so. sb.-1 – grípa*  
[reis, risum, risið]

– áhorfendur risu úr sætum

‡ • reisa

**mikið** *ao.*  
[meir(a), mest]

– það snjóar mikið

‡ • mikill » mjög « lítið

**seint** *ao.*

– komdu ekki of seint!

‡ • seinn « snemma

**ýmis** *fn.*  
[-, -t; ýmsir, ýmsar, -]

– hann þarf að ganga frá ýmsum málum

‡ ýmiss

**brjóst** *hk. – hús*  
[-s, -]

– hún er með barnið á brjósti

‡

**brjóta** *so. sb.-2 – bjóða*  
[braut, brutum, brotið]

– ég braut bollann

‡ • brotna, brot

**hitt-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-i]

– ég ætla að hitta vini mína í kvöld

‡ » mæta, koma

**bygg-ja** *so. vb.-i – heyra*  
[-ði]

– þau eru að byggja hús

‡ • bygging, byggð » reisa, smíða; búa

**hlutverk** *hk. – hús*  
[-s, -]

– leikarinn var góður í hlutverki sínu

‡ • hlutur, hluti, hlutafélag; verk, verkefni

**mark** *hk. – hús Ö*  
[-s, mörk]

– hlaupararnir komust allir í mark

‡ • markmið, marka

**haust** *hk. – hús*  
[-s, -]

– skólarnir byrja á haustin

‡ « vor

**stjórn** *kvk. – mynd*  
[-ar, -ir]

– það var kosin ný stjórn

‡ • stýra, stjórna, ríkisstjórn, stjóri: bíl-, borgar-, for-, skip-

**einstak-ur** *lo. – gulur Ö*  
[einstök, -t]

– þú ert alveg einstök  
– þetta var einstök heppni

‡ einstaka • einn; einstaka, einstaklingur, sérstaklega » sérstakur

**raunveruleg-ur** *lo. – gulur*  
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta fer að verða raunverulegt vandamál

‡ • raunverulega; raun, reynsla; vera (so), vera (no), verulegur

**fullorðin-n** *lo. – gulur B S*  
[-, fullorðið]

– myndin er bæði fyrir börn og fullorðna

‡ • fullur, verða

**karl-maður** *kk. – maður*  
[-manns, -menn]

– er ekki nóg af karlmönnum hérna?

‡ karlmaðr • karl, maður